

Hafnarfirði, 9. janúar 2023

**Breytingar á Hamraneslínunum 1 & 2. Umsögn vegna matskyldufyrirspurnar Landsnets sem send var á Skipulagsstofnun, sem óskar eftir umsögn Hafnarfjarðarbæjar í samræmi við 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.**

Landsnet hefur sent Skipulagsstofnun fyrirspurn vegna matskyldu vegna framkvæmda á Hamraneslínu 1 & 2. Skipulagsstofnun hefur óskað eftir umsögn Hafnarfjarðarbæjar vegna þessarar fyrirspurnar þar sem fram þarf að koma hvort nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun.

Einnig er óskað eftir hvort að það séu einhver atriði sem þarf að skýra frekar og hvort að þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tillita til viðmiða sem fram koma í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Óskað er eftir að umsögnin geri grein fyrir þeim leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfsviði umsagnaraðila.

**Umsögn:**

Skýrslan gerir ágætlega grein fyrir framkvæmdinni og þeim umhverfisþáttum sem verkið tekur til. Svæðið er vissulega viðkvæmt frá umhverfislegum sjónarmiðum og er það alveg ljóst að setja þessar línur í jörðu, eykur á umhverfisleg gæði, bæði hvað varðar ásýnd og eins er kærkomið að losna við vindgnaudið sem fylgir þessum línunum þegar vind hreyfir.

Það kemur fram í skýrslunni að núverandi staðsetning er farin að hamla uppbyggingu á nýjum íbúðarsvæðum í bænum og eins er svæðið nýtt af stórum hópi útivistarfólks, þá vaknar upp sú spurning hvers vegna Hnoðraholtslínan sé skilin eftir ofanjarðar, þar sem hún liggur nánast samhliða Hamraneslínunum.

Væri ekki nær að losna alfarið við þessar línur í jörðu og þar með myndi áhrif framkvæmdarinnar verða viðtækari?

Í kafla 4.4.4 Náttúru- og hverfisvernd vantar að nefna sjálft Gráhelluhraunið, en í nógildandi aðalskipulagi segir:

Gráhelluhraun (HVc2) Söguleg skógræktargirðing ævintýralegt að skjólgott útivistarsvæði innan um ósnert hraun. Hverfisverndarákvæði: Í hverfisverndinni felst að ekki má raska landi né spilla minjum.

Það þarf að setja Gráhelluna (tóftina) inná mynd 4.11 ásamt fjárborg við Ásfjall þannig að hægt sé að átta sig á staðsetningu þessara minja. Það sama gildir um mynd 4.12. Það þarf að sýna allar skráðar fornminjar á henni en ekki bara hluta.

Það kemur ekki fram hversu langur framkvæmdatíminn sé, einungis talað um að verklegar framkvæmdir séu árið 2024.

Í kafla 5. i kemur fram að rask á kjarrskógum innan framkvæmdasvæðisins sé um 0.8 ha og að verndargildi þeirra er hátt þar sem birkiskógar njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Einnig þarf að fella tré á skógræktarsvæði í Gráhelluhrauni. Það þarf að gera nánar grein fyrir hvernig Landsnet muni bæta fyrir það tjón ásamt að gera grein fyrir hvernig meðhöndlun kjarrskógarins muni eiga sér stað, á að taka þessi tré til hliðar og planta þeim aftur, eða á að farga þessum kjarrskógi?

Gráhelluhraunið er elsta skógræktarsvæði Skógræktarfélags Hafnarfjarðar og liggja fyrir drög að deiliskipulagsi svæðisins, það þarf að stilla saman strengi til þess að hægt sé að nota lagnasvæðið í gerð reiðstíga ásamt græna stíginn í græna treflinum þar sem strengurinn fer í jörðu.

Nú þverar þessi lagnaleið kaldvatnsstrengi, hvernig er sú framkvæmd hugsuð?

#### **Leyfi sem snúa að bæjarfélaginu:**

- Framkvæmdaleyfi verður gefið út á grundvelli skipulagslaga og skipulagsreglugerðar
- Ef raska þarf fornminjum þarf leyfi Minjastofnunar í samráði við byggðasafn Hafnarfjarðar
- Allar trjáfellingar kalla á leyfi landeiganda og skógræktarfélags Hafnarfjarðar en öll felling skóga er óheimil nema með fengnu leyfi sveitarfélagsins
- Hestamannafélgíð Sörli er umsagnaraðili
- Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar gefur starfsleyfi ef mötuneyti verður sett upp í tengslum við framkvæmdina skv. ákvæðum matvælalaga nr. 93/1995.